

Alþingi
Erindi nr. P 142/20
komudagur 18.6.2013

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 18.06.2013
Tilv. 0585/2012 - 0.2.1

Efni: Umsögn vegna frumvarps til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða

Vísað er til bréfs atvinnuveganefndar Alþingis dags. 12. júní sl. þar sem Fiskistofu var gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða, þingskjal 4 - 4. mál. Vill stofnunin hér með koma á framfæri eftirfarandi athugasemd við frumvarpið.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi breytingu á 6. gr. a:

a. Í stað orðanna „ráðherra með reglugerð“ í 2. mgr. kemur: Fiskistofa með auglýsingu í Stjórnartíðindum.

b. Við 7. mgr. bætast þrjár nýir málslíðir, svohljóðandi: Þar er m.a. heimilt að setja nánari skilyrði um eignarhald. Ef eigandi fiskiskips er lögaðili er heimilt að kveða á um að lögskráðir sjómenn á fiskiskipinu eigi tiltekna lágmarkseignarhlutdeild í lögaðilanum. Enginn eigenda lögaðila sem á bát með strandveiðileyfi getur átt aðild nema að einu strandveiðileyfi.

Fiskistofa vekur athygli á að stofnunin telur ekki framkvæmanlegt að framfylgja ákvæðum b. liðar þar sem ekki liggur fyrir opinber skráning á eignarhaldi lögaðila.

F. h. Fiskistofu

Hrefna Gísladóttir